Samkomulagið er af hálfu Dana háð þeim skilyrðum m. a. að virtar séu reglur er leiða af aðild Danmerkur að Efnahagsbandalagi Evrópu, þ. á m. viðvíkjandi flokkun, verðlagningu o. fl., svo og skal á tímabilinu 15. júní til 31. júlí einungis landa síld veiddri vestan línu er hugsast dregin milli Hanstholm- og Lindesnæs-vita.

Samkomulag þetta gildir til 31. desember 1974.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. mars 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 5. 30. apríl 1974.

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Með skírskotun til auglýsingar nr. 16/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 7. apríl 1974 gekk í gildi alþjóðasamningur, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, en um hann var fjallað í ofangreindri auglýsingu.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. apríl 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 6. 30. apríl 1974.

AUGLÝSING

um samninga og yfirlýsingar Íslands, er varða vegabréfsáritanir fyrir ferðamenn.

1. Gagnkvæmt afnám vegabréfa: Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð.
2. Gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana miðað við 2—3 mánaða dvöl: Austurríki, Bahama, Barbados, Belgía, Brasilía, Bretland (þ. á m. eftirtaldar breskar nýlendur og landssvæði: Hong Kong, Bermúda-eyjar, Turks- og Caicos-eyjar, Caymaneyjar, Leeward-eyjar (Antigua, St.Kitts-Nevis, Anguilla, Montserrat og Virgin-eyjar), Windward-eyjar (Dominica, Grenada, St. Lucia og St. Vincent-eyjar), Breska Hondúras, St. Helena, Falklandseyjar, Vestur-Kyrrahafseyjar (Gilbert- og Ellice-eyjar og Bresku Soloman-eyjar), Brunei, Seychelles-eyjar, Gíbraltar og New Herbrides), Búlgaría, Chile, Fiji, Frakkland, Gambía, Grikkland, Guyana, Holland, Írland, Ísrael, Ítalía, Jamaica, Japan, Júgóslavía, Kanada,